

**Nd.**

**40. Frumvarp**

til laga um prestakallasjóð.

Flutningsmaður: Magnús Jónsson.

**1. gr.**

Þegar prestakall er prestslaust, svo að eigi kemur til greiðslu embættislauna eða hluta þeirra, skal fjárhæð sú, sem sparast, miðað við byrjunarlaun presta, renna í sérstakan sjóð, sem kirkjustjórnin varðveitir.

Sjóðurinn heitir Prestakallasjóður og skal hann geymdur í Landsbanka Íslands.

**2. gr.**

Fé því, sem Prestakallasjóði áskotnast, skal ráðstafað eftir tillögum prestastefnu og biskups. Verði þessir aðilar sammála um fjárráðstöfun úr sjóðnum, skal sú ákvörðun vera bindandi, en að öðrum kosti sker kirkjumálaráðherra úr.

**3. gr.**

Fé Prestakallasjóðs skal verja til þess að bæta kirkjulegri starfsemi í landinu upp tjón það, sem hún verður fyrir af þeim sökum, að kirkjan hefir ekki fullskipað starfsmannalið sitt, svo sem með því að auka útvarpsguðsþjónustur, senda úrvals kennimenn um landið, efla félagslíf presta og safnaðastarf, gefa út kristileg rit o. fl.

**4. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1933.

### Greinargerð.

Frumvarp svipað þessu var borið fram á Alþingi í sumar, og fylgdi því svo látandi greinargerð:

„Með embættaskipun kirkjunnar, sem ákveðin er af Alþingi, er ætlað til þess, að séð sé fyrir þörfum þjóðfélagsins á starfskröftum til þessarar þjónustu, og á hinn bóginn ríkissjóði gert að skyldu að greiða þá ákveðnu fjárhæð, sem til þess þarf, að þetta starfsmannalið sé fullskipað.

Bresti á, að lið þetta sé fullskipað, er því augljóst, að lakar er séð fyrir þörfunum en ætlað var til, og á hinn bóginn minna greitt en gera má ráð fyrir. Virðist þá sjálfsagt að ráðstafa þessu með einhverjum öðrum hætti, til þess að tilgangurinn náist, og er frumvarpi þessu ætlað að benda á leið til þess.

Ef talað er um, að þetta hafi kostnað í för með sér, þá er það byggt á misskilningi. Kostnaður verður ekki að því, nema að minnsta kosti jafnmikil fjárhæð sparist á öðrum lið sömu starfsemi. Verður þetta fremur til sparnaðar, því að hér er aldrei miðað við annað en lágmarkslaun, í stað þess, að séu öll embætti skipuð, sem enginn myndi amast við, eru embættismennirnir á nokkru hærri launum að meðaltali sakir aldursuppbótar.

Á hinn bóginn má jafnvel vænta, að starfsemi þessi gæti leitt til mikils góðs, svo að kirkjunni yrði jafnvel engu minni styrkur að því en hinu, að hafa öll embættin fullskipuð“.